

Fundur NOS stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

haldinn í Þingborg mánudaginn 24. október 2022 kl. 15:30.

Mætt:

Aldís Hafsteinsdóttir, Hulda Kristjánsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Ásta Stefánsdóttir, Helgi Kjartansson, Haraldur Þór Jónsson, Geir Sveinsson og Melkorka Jónsdóttir. Iða Marsibil Jónsdóttir í fjarfundi og frá KPMG eru Róbert Ragnarsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir í fjarfundi.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. Slit skóla- og velferðarþjónusu Árneshings bs.

Fyrir liggur að öll sveitarfélög nema Ölfus hafa tekið fyrir fundargerð NOS frá 21. september 2022. Sömu sveitarfélög hafa jafnframt samþykkt tillögu stjórnar NOS um að starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. verði hætt og byggðasamlaginu verði slitið.

Á fundinn mættu í fjarfundabúnaði Róbert Ragnarsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir frá KPMG sem munu sjá um slit byggðasamlagsins. Rætt var við þau um ferlið sem er framundan. Lagt til að skipuð verði þriggja manna verkefnastjórn, einn frá hverju þjónustusvæði. Við slit á byggðasamlagi þarf að skipa skiptastjórn. Þar sem enginn starfsmaður er í ráðningarsambandi við byggðarsamlagið ættu slitin að ganga hratt fyrir sig. Lagt er fram uppkast að tímalínu fyrir ferlið sem er framundan.

Geir Sveinssyni falið að skrifa undir samning við KPMG um slit byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu bs en samþykkt var á fundi NOS þann 20. október 2022 að fá KPMG í verkefnið.

2. Tilkynning um uppsögn á húsnæði.

Fyrir liggur bréf frá Hveragerðisbæ þar sem leigusamningi húsnæðis SVÁ er sagt upp frá og með 1. nóvember 2022. 6 mánaða uppsagnafrestur er á leigusamningnum.

3. Fjárhagsáætlun 2023.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins 2023. Stjórn NOS samþykkir fjárhagsáætlunina og er henni vísað til afgreiðslu á aðalfundi.

4. Aðalfundarboð.

Aðalfundur verður haldin miðvikudaginn 24. nóvember kl. 15:00 á skrifstofu Flóahrepps í Þingborg.

Dagskrá aðalfundar eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:55.